

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson.

Reglur um umsóknir og úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins skal fyrir lok október ár hvert gera áætlun um rekstrarkostnað sjóðsins á næsta almanaksári og um fjárhæð þá, sem verja má til styrkveitinga, sbr. 7. grein skipulagsskrár sjóðsins. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki í nóvember ár hvert og tilgreina umsóknarfrest.

Styrkir:

Verkefni sem sjóðurinn styrkir eru eftirfarandi:

- > Rannsóknir á vistfræði lúpínu
- > Rannsókn- og þróunarverkefni í landgræðsluskógrækt með lúpínu
- > Önnur rannsóknaverkefni í landgræðslu og landgræðsluskógrækt.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja nákvæm lýsing á því verkefni sem sótt er um styrk til og hvernig honum verði varið ef til úthlutunar kemur, þ.á.m.:

- > Heiti verkefnis.
- > Upplýsingar um umsækjanda (nafn, heimilisfang, kennitala, starf eða staða o.s.frv.)
- > Ábyrgðarmaður verkefnis.
- > Lýsing á verkefninu.
- > Markmið verkefnis og áætluð gagnsemi
- > Verkáætlun.
- > Sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- > Fjármögnunaráætlun.
- > Upplýsingar um aðra styrktar- eða samstarfsaðila, ef um slíkt er að ræða.
- > Önnur atriði sem máli kunna að skipta.

Viðmið um mat á umsóknum:

Við mat á styrkumsóknum skal stjórnin m.a.:

- > Meta hvort ástæða sé til að óska eftir nánari upplýsingum frá umsækjanda en fram koma í umsókn.

- > Meta hversu vel verkefnið fellur að markmiðum sjóðsins skv. 4. grein skipulagsskrár hans.
- > Meta vísindalegt og hagnýtt gildi verkefnisins.
- > Taka tillit til framkvæmda- og kostnaðaráætlunar.
- > Kanna hvort verkefnið nýtur framlaga frá öðrum styrktaraðilum.
- > Meta starfs- náms- og rannsóknarferil umsækjanda, meta samstarfsaðila og aðstöðu umsækjanda til að sinna verkefninu.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu vera skriflegar og greinargóðar. Ef umsókn uppfyllir ekki þau skilyrði sem tilgreind eru í reglum þessum er stjórn sjóðsins heimilt að vísa þeim frá.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leita sérfræðipækkingar í störfum sínum, telji hún þörf á, enda ríki fullur trúnaður um þær upplýsingar sem öðrum eru veittar.

Stjórn sjóðsins skal gæta fyllsta trúnaðar um þær upplýsingar sem fram koma í umsóknum. Leiti stjórnin sérfræðiaðstoðar skal það gert með skilyrði um fyllsta trúnað af hálfu ráðgjafa.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal stjórnin taka afstöðu til umsókna og tilkynna umsækjendum skriflega um niðurstöður, eigi síðar en 2 mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Áður en greiðsla styrks er innt af hendi skal styrkþegi skila skriflegri skýrslu um framgang verkefnis og kostnað.

Stjórn sjóðsins skal, þyki henni ástæða til, gera samning við styrkþega um tilhögun á greiðslu styrks og skuldbindingar styrkþega, t.d. varðandi áfanga- og lokaskýrslur. Sé verkefni ekki hafið innan 6 mánaða frá styrkveitingu, fellur styrkur niður, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, að mati stjórnar.